

58 KUNUNGLEGG STAÐFESTING á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Brynjólfs Magnússonar, organista á Prestsbakka á Síðu, útgefin 29. júní 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Brynjólfs Magnússonar, organista,
frá Prestsbakka á Síðu.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Brynjólfs Magnússonar, frá Prestsbakka á Síðu.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn af prófasti Magnúsi Bjarnarsyni á Prestsbakka á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu, til minningar um son hans.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Sjóðurinn ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða, nje það, sem við hann er lagt, hvort heldur það stafar af viðlögðum vöxtum, áheitum, gjöfum eða öðru, er fellur honum til aukningar. Er alt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár þessarar, sem frumstofninn, og má aldrei hafa að eyðslufje. Sjóðurinn er æfinleg eign Síðuhreppa — Höragslands og Kirkjubæjar —, innan Kirkjubæjar-klaustursprestakalls í Vestur-Skaftafellssýslu.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að skógskrýða þessa hreppa, svo sem verða má, og nytsemd og prýði er að. Áhersla skal lögð á, að gróðursetning og ræktun skógar sje ger af framsýni, forsjá og undir umsjón skógfræðings, sem starfar fyrir það opinbera að skógrækt Íslands, svo að hún verði staðgöð og varanleg, en verði eigi spilt af völdum búpenings, nje vanhírðu eða átroðningi manna.

5. gr.

Þar til skógræktarsjóri Íslands telur annað girðingarefni hentugra, skal girða svæði þau, sem tekin verða til skógræktar, með traustum vírnetsgirðingum.

6. gr.

58

29. júní

Stjórn sjóðsins skipa: sóknarprestur Kirkjubæjarklaustursprestakalls, hreppstjórar Síðuhreppa og 2 menn, karlar eða konur, kosnir til 5 ára í senn á vorhreppaþingi; annar úr Hörglandshreppi, hinn úr Kirkjubæjarhreppi. Stjórnin kýs sjer formann, ritara og gjaldkera til 5 ára í senn. Formaður kveður til funda og stýrir þeim. Honum sendast og umsóknir um styrk úr sjóðnum. Ritari ritar fundargjörðir í fundarbók, annast brjefaskriftir stjórnarinnar, varðveitir viðskiftabók og önnur skjöl, er sjóðinn snerta. Gjaldkeri varðveitir viðskiftabók sjóðsins við Söfnunarsjóðinn, hefir reikningshald sjóðsins á hendi, varðveitir fje það, sem árlega útborgast úr Söfnunarsjóðnum til skógræktar, útborgar styrki til skógræktarinnar og önnur gjöld, er verða, eftir ávísun formanns og ritara, og semur árlegan reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, sem samþykkist og undirritist af allri stjórninni. Reikningurinn sendist sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, er endurskoðar hann og úrskurðar. Stjórnin öll ákveður styrkveitingar úr sjóðnum og ráðstafar því, er þörf krefur í þágu hans. — Yfirstjórn skógræktar þessarar hefir skógræðingur Íslands eða þau völd, er í hans stað kunna að koma.

7. gr.

Til ársins 1938 leggjast allir vextir við höfuðstól minningarsjóðsins. Frá því ári til ársins 2000 falla til útborgunar $\frac{2}{3}$ ársvaxtanna; eftir þann tíma $\frac{3}{4}$, og sje svo jafnan síðan.

8. gr.

Nú sækir búandi eða landhafi, einn eða fleiri, þeirra hreppa, er áður segir, um styrk til skógræktar úr sjóðnum, og skal hann þá, eða þeir, er fleiri eru, fyrir 1. nóv. árið áður, senda formanni sjóðsins skriflega umsókn. Skal þar ger full grein fyrir, hvern veg hann hugsar sjer að nota styrkinn, og hve stórt svæði hann ætlar að taka til skógræktar, og skuldbinding um að vandlega sje frá öllu gengið. Að öðru jöfnu skulu þeir, sem sitja á jörðum, sem erfiðleikar eru á að nota raforku, sitja fyrir, ef þeir ætla að græða upp skóg til eldsneytis, og sömuleiðis þeir, sem hlutfallslega leggjja mest fram af eigin fje móti styrknum úr sjóði þessum. Þá skal og gæta nokkurs jafnaðar milli hreppanna við styrkveitingar. — Sjerhver, sem styrks nýtur, geri stjórninni glögga skýrslu, hvernig fjenu hefir verið varið. — Stjórn sjóðsins úrskurðar og tilkynnir skriflega fyrir nýár, hvort styrkur veitist, hverjum og hve mikill. — Nú sækir eitthvert ár enginn um styrk úr sjóðnum, og falla þá allir vextir sjóðnum til aukningar.

58

29. júní

9. gr.

10. hvert ár skal skógfræðingur, eða sá maður, er skógræktarstjóri tilnefnið, skoða alla skóga á skógræktarsvæðinu, og gefa stjórn sjóðsins skýrslu um, í hvaða ástandi sjerhvert skógræktarsvæði sje. Finnist hjá einhverjum vanræksla á settum skilyrðum fyrir styrkveitingunni eða vanhvirða á skóginum, eða öðru, er að skógræktinni lýtur, skal stjórnin áminna hann um að ráða bót á því, sem áfátt er, og eigi veita honum framhaldsstyrk til aukinnar skógræktar, fyr en hann hefir kipt því í lag, sem áfátt var. Skógræktarstjóri eða umboðsmaður hans, setja reglur um skógarhögg yfir höfuð, og sjerstaklega til eldsneytis. — Veita má, þegar ástæða þykir, einkum þeim, er mikið leggjja hlutfallslega fram til skógræktar af eigin fje, styrk oftan en í eitt skifti, þó fleiri eða færri hreppsþúum hafi eigi þegar verið veittur styrkur til skógræktar, þegar þeir hafa sýnt áhuga og alúð við skógræktina.

10. gr.

Þá er sjóðurinn hefir tæmt upprunalegt starfssvið sitt, má með breytingu á skipulagsskrá þessari, á almennum hreppsfunði beggja hreppanna, þar sem $\frac{3}{4}$ hlutar búendanna eru mættir, víkka starfssvið hans til annara nytsemdar fyrirtækja í Síðuhreppum. Þó skal jafnan varið nokkru fje til viðhalds skóganna og girðinga umhverfis þá. Atvinnumálaráðuneytið samþykkir breytingu þessa.

Skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Vjer undirritaðir Þorlákur Vigfússon, hreppstjóri Hörgslands-hrepps, Björn Runólfsson, hreppstjóri Kirkjubæjarhrepps, og Magnús Bjarnarson, sóknarprestur Kirkjubæjarklaustursprestakalls, lýsum því hjermeð yfir, að vjer munum takast á hendur þau störf, sem framanrituð skipulagsskrá leggur oss á herðar.

Þorlákur Vigfússon. Björn Runólfsson. Magnús Bjarnarson.

Að sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu taki að sjer að endurskoða reikninga framangreinds minningarsjóðs, samþykkist hjermeð.

F. h. sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 1. okt. 1927.

Gísli Sveinsson.